



## Hvað þýða RAPUNZEL gæði?

### 1. Hefðbundnir vörugæða-staðlar

- Hollar, efnagreindar, bragðgóðar og velútlítandi vörur

### 2. Félagsleg viðmið

- Hráefni og vörur frá heiðarlegum viðskiptum, í gegnum RAPUNZEL HAND IN HAND-áætlunina
- Umbætur á vinnu- og lífsskilyrðum ræktunar- og viðskipta-aðila, einkum í nýlega iðnvæddum löndum og þróunar-löndum.
- Langtíma birgðasalasamningar sem eru áreiðanlegir

### 3. Verndun auðlinda

- Lífrænn landbúnaður
- Framleiðsla og flutningur með sem minnstri orkueyðslu
- Eins lítið af umbúðum og hægt er, þó nægilegar til að varðveita gæði vörunnar.

### 4. Vottuð lífræn ræktun

- Hollar matvörur samkvæmt háum staðli RAPUNZEL, sem er yfirleitt strangari en ESB fyrirskipanir varðandi lífræna ræktun.
- Strangar kröfur varðandi lífræna ræktun gerðar til ræktunar-aðilanna
- Athugun á leifum skordýraeiturs, leysiefna, þungmálma og fleiri skaðlegra efna
- Mikið samband við ræktunaraðila og birgðasala og einnig ráðgjöf
- Eigin ræktunarverkefni – t.d. Tyrkland, Srí Lanka, Spánn; eigin jarðræktarfræðingar og sérstök þjálfun fyrir bændur tryggja mikil vörugæði og leiða til varanleika.

## Framtíðarsýn okkar

Samngjarn heimur sem er þess virði að lifa í, þar sem ekki er lítið á hnattvæðingu sem ógn heldur sem tækifæri. Aðilar svæðanna eru jafnrétt háir.

Það er bara til einn heimur þar sem allar manneskjur hafa jafnmikinn rétt á því að lifa og vinna í friði.

Framlag okkar til þessa eru hollar matvörur, sem styðja við vellíðan manneskjunnar, og framleiðsla þeirra ýtir undir útbreiðslu lífræns landbúnaðar. Þar af hlýst næg verðmætasköpun fyrir alla aðila í þróunarkeðjunni, allt frá vinnumönnum á akrinum til þeirra aðila sem þjónusta neytendur.

Meðvitund um sjálfsábyrgð er undirstaða alls þess sem við tökum okkur fyrir hendur í lífi okkar og starfi.

## Vöruúrval okkar.

... meira en 400 RAPUNZEL hágæða vörutegundir ná yfir ýmis konar vörur, svo sem sætt og kryddað smurálegg fyrir brauð, hnetur og þurrkaða ávexti, múslí, kornflögur, korn og kornvörur, hrísgrjón, fræ, baunir, mjöl, tómatsós, sælkeravörur, matarolíur og jurtasmjör, kókosfitu, krydd og súpur, sætuefni og efni í bakstur, sæta og kryddaða skyndibita, súkkulaði, drykkjarduft sem og ost og vín.

Við erum viss um að hver og einn getur fundið eitthvað fyrir sinn smekk í hinu mikla vöruúrvali okkar



RAPUNZEL NATURKOST AG

Rapunzelstraße 1, D-87764 Legau, simi: +49(0)8330/529-0, Fax: +49(0)8330/529-1188, www.rapunzel.de



Brautryðjandi frá 1974

Lífrænt ræktaðar vörur  
framleiddar með  
ást og umhyggju  
fyrir heilbrigðan og  
heiðarlegan heim





## Kæru viðskiptavinir,

Rapunzel hefur átt sinn þátt í þeirri þróun sem orðið hefur varðandi heilsusamlegt mataræði. Eftir rúmlega þriggja áratuga einlæga vinnu við lífræna ræktun og framleiðslu á heilsusamlegum matvörum, getum við með högværð sagt það.

Við viljum að hugsjónir okkar verði að veruleika. Með vakandi athygli og ábyrgð vinnum við sífellt að því að viðskiptavinurinn komi aftur til okkar. Á tímum þegar hið sýnilega hefur meira gildi en það sem er raunverulegt, er það oft skammsýnin sem ræður ríkjum en ekki varanleikinn.

Þess vegna gætum við þess stöðugt með gerðum okkar, að vinna að varanleika allt frá ræktun á ökrunum til vinnslu og verslunar, með öllum þeim félagslegu og efnislegu afleiðingum sem það hefur.

Það er bara til einn heimur fyrir okkur öll. Hver einstaklingur ber ábyrgð á því að þessi heimur haldi áfram að vera þess virði að lifa í. Ákvörðun ykkar um að kaupa ákveðnar vörur er hluti af þessari ábyrgð.

Í þessu samhengi sjáum við framlag okkar, þar sem við bjóðum ykkur upp á matvörur sem bragðast og ilma vel og eru framleiddar af fólki sem vinnur af alúð og með vandvirkni. Takið valdið frá stjórnmaláamönnunum og takið ábyrgð á eigin lífi.

Þar með gerið þið sjálfum ykkur, heilsu ykkar, umhverfi og einnig meðborgurum ykkar, stóran greiða.

Fyrir hönd Rapunzel-starfsfólksins þakka ég fyrir áhuga ykkar á fyrirtæki okkar og lofa ykkur, að við munum vinna áfram í framtíðinni, með ánægju, að því að fyrirtækjarmarkið okkar geti orðið að raunveruleika. Það er ánægjulegt að þið viljið taka þátt í því með okkur.

Joseph Wilhelm  
Stofnandi og forstjóri

## Við framleiðum lífrænt með ást og umhyggju.

Stofnendur RAPUNZEL NATURKOST AG, Joseph Wilhelm og Jennifer Vermeulen eru brautryðjendur í framleiðslu á vörum framleiddum eingöngu úr lífrænt ræktuðum afurðum. Í upphafi þurftu þau að sannfæra marga aðila um gildi þess sem þau voru að gera. RAPUNZEL NATURKOST AG, sem hefur aðsetur í Legau/Allgäu í Suður-Þýskalandi, er í dag leiðandi ræktunaraðili, framleiðandi og dreifingaraðili með lífrænt ræktaðar matvörur. Eftir rúmlega 30 ára starf hefur litla 35 fermetra lífræna matvörubúðin þeirra með viðarofnsbakarii og lífrænni garðyrkjustöð, þróast yfir í fyrirtæki með 250 starfsmönnum.

Eftir fyrstu hefðbundnu heilsusamlegu matvælin sem framleidd voru, múslí og hnetumauk, urðu sífellt fleiri vörur hluti af vöruúrvalinu. Í dag má finna u.þ.b. 400 RAPUNZEL vörur í öllum sambandslöndum Þýskalands, í meira en 2.000 heilsubúðum. Tæplega helmingur af vörunum eru framleiddur eða unnar í Legau, hinn hlutinn hjá samningsbundnum framleiðendum og að mestu leyti úr RAPUNZEL hráefnum og alltaf í samræmi við meginreglur og gæðakröfur RAPUNZEL.

RAPUNZEL fær lífræn hráefni frá rúmlega 30 löndum um allan heim, til að nota í framleiðsluvörur sínar. RAPUNZEL vörur eru fluttar út til næstum jafnmargra landa. Við samningagerð leggur RAPUNZEL mikið upp úr gæðum matvaranna, en auk þess einnig mikla áherslu á lífsgæði bændanna, sem sjá um ræktunina. Þess vegna varð verkefnið HAND IN HAND til, en það sameinar hugmyndina um vottaða lífræna ræktun og heiðarleg viðskipti.



## Samvinnu-verkefni

Við hjá RAPUNZEL gerum miklar kröfur til hráefna okkar, bæði hvað varðar almenn gæði og gæði lífrænnar ræktunar. Til þess að geta mætt þessum kröfum, byrjuðum við með okkar eigin ræktunar-verkefni, þar sem við berum fjárhagslega og persónulega ábyrgð. Gerðir eru bindandi ræktunarsamningar við bændurna, sem tryggja þeim að uppskeran verði keypt.

### Tyrklands-verkefnið

Tyrklandsverkefnið er stærsta verkefnið okkar og það verkefni sem hefur lengst verið til. Það er með eigin vinnsluáðstöðu, þar sem unnið er úr hinum ýmsu hráefnum. Verkefnið hófst árið 1985 og í dag taka u.þ.b. 450 bændur þátt í því. Á u.þ.b. 3.500 hekturum eru ræktaðar samtals 28 mismunandi vörur. Árið 2000 hófum við aðstoð við 15 bændur, á fjórum mismunandi svæðum, við að rækta samkvæmt bíodynamískum stöðlum (demeter - en það eru ströngustu kröfur í lífrænni ræktun). Strax fyrir uppskeruna árið 2001 hlutu bændurnir demeter-vottun.

### Iberica-verkefnið

RAPUNZEL Iberica-verkefnið er staðsett í Andalúsíu á Spáni og skiptist það niður á tvö býli: Ólívubýlið FINCA LA TORRE með meira en 10.000 ólívutrjám, með ólívutegundinni HOJIBLANCA, sem venjulega er ræktuð í Malaga og möndlubýlið CORTIJO RAMBLA DEL AGUA, með u.þ.b. 80.000 möndlutrjám, nálægt bænum Guadix í héraðinu Granada. Bæði býlin hafa hlotið Demeter-vottun

### Srí Lanka-verkefnið

Árið 1995 hóf RAPUNZEL, ásamt fimm kókoshnetubændum, Srí Lanka-verkefnið sem HAND IN HAND-verkefni og fól það í sér lífræna ræktun á kókoshnetum. Í dag rækta 13 fjölskyldufyrirtæki, á samtals 270 hekturum lands, kókoshnetur samkvæmt vottuðum meginreglum um lífræna ræktun og er þeim leiðbeint af hinum innfædda RAPUNZEL-samstarfsaðila, Rajasingham.